

## T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta  
nr. 144/2016, með síðari breytingum  
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af kirkjuráði  
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

### 1. gr.

Í stað orðsins „áheyrnarfulltrúum“ í 1. másl. 6. mgr. 5. gr. starfsreglnanna kemur: tilkvöddum sérfræðingum.

### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. starfsreglnanna:

- a. Í stað orðsins „fjögurra“ í 9. mgr. kemur: sex.
- b. Í stað orðsins „kirkjumálasjóði“ í 19. mgr. kemur: biskupsstofu.

### 3. gr.

Á eftir 1. másl. 6. mgr. 7. gr. starfsreglnanna kemur nýr málslíður sem orðast svo: Prófasti er heimilt að fara þess á leit við biskup að löglærður ráðgjafi aðstoði við undirbúning fundar kjörnefndar og að hann sitji undirbúningsfund.

### 4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

### *Athugasemdir við tillögu þessa.*

Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta voru samþykktar á kirkjuþingi 2016. Fyrsta embættið sem auglýst var laust til umsóknar samkvæmt starfsreglunum var embætti prests í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra sem auglýst var í júlí 2016. Síðan hefur biskup skipað í alls 29 prestsembætti, þ.e. embætti sóknarpresta, presta og héraðspresta.

Fljótlega eftir að starfsreglurnar tóku gildi, og farið var að starfa eftir þeim, komu í ljós nokkrir hnökror á þeim sem leiðréttir voru á næstu kirkjuþingum. Breytingar þær sem nú eru lagðar til eru einnig minniháttar lagfæringar. Til dæmis hefur komið í ljós, séstaklega á þessu ári, þ.e. 2019, að tími sá sem matsnefnd hefur samkvæmt reglunum til að ljúka skýrslu um hæfni umsækjenda hefur í nokkrum tilvikum reynst of skammur. Undanfarið ár hefur orðið mikil aukning á embættisveitingum og þar af leiðandi hafa störf matsnefndar aukist til muna. Einnig er nú lagt til að að próföstum verði heimilt að óska eftir því að löglærður ráðgjafi aðstoði við

undirbúning fundar kjörnefndar og að hann sitji undirbúningsfund. Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta eru að mörgu leyti flóknar reglur, sérstaklega þau ákvæði sem fjalla um kjörnefndir og störf þeirra. Í eldri reglum um val og veitingu prestsembætta var kveðið á um að löglærður ráðgjafi væri valnefndum til aðstoðar. Slík ráðstöfun þótti gefast vel. Nú þykir rétt að leggja til hafa slíkt fyrirkomulag valkvætt. Í sumum tilvikum eru störf kjörnefnda einföld og því ekki þörf á aðstoð. Undirbúningur kjörs getur þó í ýmsum tilvikum verið viðamikill og flókinn og því þykir rétt að gefa próföstum færi á að óska eftir aðstoð ef þeir svo kjósa.

*Athugasemdir við einstakar greinar tillögunnar.*

Um 1. gr.

Með starfsreglum nr. 303/2017 var seturéttur áheyrnarfulltrúa á fundum matsnefndar felldur brott. Þá láðist að fella brott orðið „áheyrnarfulltrúar“ í 1. másl. 6. mgr. 5. gr. starfsreglnanna til samræmis við það. Lagt er til að sérfræðingar, sem heimilt er að kveðja til, sbr. 3. mgr. 5. gr starfsreglnanna beri þagnarskyldu eins og fulltrúar í matsnefnd.

Um 2. gr.

- a. Lagt er til að tími sá sem matsnefnd hefur til að vinna umsögn verði sex vikur í stað fjögurra. Í ljós hefur komið að matsnefnd er full þröngur stakkur búinn með núgildandi ráðstöfun og hefur í nokkrum tilvikum orðið að óska eftir fresti til að skila umsögn.
- b. Lagt er til að biskupsstofa standi straum af kostnaði við störf matsnefndar. Eðlilegt þykir að það stjórnvald sem skipar nefnd eða stofnar til verkefna standi straum af kostnaði við þau störf. Samkvæmt starfsreglunum er það biskup Íslands sem skipar matsnefnd til að meta hæfni umsækjenda um laus prestsembætti.

Um 3. gr.

Lagt er til að próföstum verði heimilt að óska eftir því að löglærður ráðgjafi aðstoði við undirbúning fundar kjörnefndar og að hann sitji undirbúningsfund. Í sumum tilvikum getur undirbúningur kjörs orðið viðamikill og flókinn og því þykir rétt að gefa próföstum færi á að óska eftir aðstoð.

Um 4. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.